

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

146. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 22. maí kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 2014:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 15.05.2014:
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 20.05.2014:
5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Brekka:
6. Nýtt rekstrarleyfi – Veiðiheimilið Rauðhólar:
7. Nýtt rekstrarleyfi – Stóru-Tjarnir:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 161., 162. og 163. fundar HNE ásamt ársreikningi 2013:
- b) Fundargerð 21. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Fundargerð 51. fundar stjórnar DA sf.:
- d) Fundargerð stjórnar Leigufélagsins Hvamms ehf. frá 06.05.2014:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 8. lið; Styrkbeiðni – Bárðarborg ehf.

2. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 2014:

Lögð fram kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí n.k. Kjörskrá er gerð samkvæmt 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar og miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 15.05.2014:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 15. maí s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

1. liður fundargerðar; Þeistareykjavirkjun, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna 100 MW, virkjun.
Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um þegar hann hefur yfirfarið og samþykkt framlög gögn.
2. liður fundargerðar; Endurbætur á Hringvegi í Reykjadal, umsókn um framkvæmdaleyfi.
Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæli fyrir um þegar hann hefur yfirfarið og samþykkt framlögð gögn.
3. liður fundargerðar; Laugar í Reykjadal, hugmynd að fjölgun íbúðarhúsalóða.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að leitað verði samkomulags við Fasteignir ríkissjóðs um að gert verði deiliskipulag af nýjum íbúðarhúsalóðum í landi Laugaskóla. Sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.
4. Liður fundargerðar; Byggingarleyfi fyrir frístundahús.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að endurskoða fyrri ákvörðun sína um að húsið verði fjarlæggt og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir frístundahúsinu þegar fullnægjandi gögn vegna útgáfu leyfisins hafa borist.

4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 20.05.2014:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 20. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í 7 liðum.

Varðandi 4. lið; Húsnæðismál Barnaborgar þá tekur sveitarstjórn undir áherslu nefndarinnar að fundin verði varanleg lausn á húsnæðismálum Barnaborgar og að farið verði í þá vinnu á þessu ári.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Brekka:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 14. maí s.l. þar sem Reynir Baldur Ingvason sækir um sem forsvarmaður fyrir Ferðaþjónustuna Brekku ehf. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga í Brekku, Aðaldal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

6. Nýtt rekstrarleyfi – Veðiheimilið Rauðhólar:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 8. maí s.l. þar sem Bjarni Höskuldsson sækir um sem forsvarmaður fyrir BFF ehf. um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga og/eða veitingu veitinga í Veðiheimilinu Rauðhólum, Laxárdal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

7. Nýtt rekstrarleyfi – Stóru-Tjarnir:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 8. maí s.l. þar sem Laufey Skúladóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Stóru-Tjörnum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti. Ásvaldur tók ekki þátt í afgreiðslu undir þessum lið.

8. Styrkbeiðni – Bárðarborg ehf.:

Fyrir fundinum liggur styrkbeiðni, sem barst 21. maí s.l. frá stjórn Bárðarborgar ehf. þar sem óskað er eftir 3,1 millj.kr. styrk til kaupa á varmadælum.

Ákvörðun frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga. Friðrika vék af fundi undir þessum lið.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 161., 162. og 163. fundar HNE ásamt ársreikningi 2013:
- b) Fundargerð 21. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Fundargerð 51. fundar stjórnar DA sf.:
- d) Fundargerð stjórnar Leigufélagsins Hvamms ehf. frá 06.05.2014:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson